

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/31/EB

2008/EES/76/38

frá 5. apríl 2006

## um breytingu á tilskipun 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tiltekna lokafresti(\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu<sup>(1)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga<sup>(3)</sup> er tekið upp heildstætt reglakerfi til að tryggja vönduð viðskipti meðal fjárfesta.
- 2) Í tilskipun 2004/39/EB er kveðið á um að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgætt mál til að fara að henni eigi síðar en 30. apríl 2006. Til að tryggja samræmda beitingu hennar í aðildarríkjunum þarf að bæta framkvæmdarráðstöfunum við allmörg flókin ákvæði í þeirri tilskipun og ber framkvæmdastjórninni að samþykkja þær á þeim tíma sem aðildarríkin hafa til að lögleiða þær. Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega undirbúið og fullgert landslög sín fyrr en efni framkvæmdarráðstafananna liggur ljóst fyrir getur þeim reynst erfitt að virða gildandi lögleiðingarfrest.

3) Til að fullnægja kröfunum í tilskipun 2004/39/EB og innlendra framkvæmdarlöggjöf geta fjárfestingarfyrirtæki og aðrir eftirlitsskyldir aðilar þurft að innleiða ný upplýsingatæknikerfi, nýtt stjórnskipulag og nýja málsmeðferð við skýrslugjöf og skráarhald eða gera verulegar breytingar á núverandi kerfum og starfsháttum. Þetta er því aðeins unnt að efni framkvæmdarráðstafananna, sem framkvæmdastjórnin samþykkir, og innlend löggjöf, vegna lögleiðingar tilskipunarinnar, hafi verið fastákveðin.

4) Einnig er nauðsynlegt að tilskipun 2004/39/EB og framkvæmdarráðstafanir hennar séu leiddar í landslög eða gildi jafnframt án frekari lögfestingar til að tilskipunin hafi full áhrif.

5) Því er rétt að framlengja frestinn sem aðildarríkin hafa til að leiða tilskipun 2004/39/EB í landslög. Eins ber að framlengja þann frest, sem fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir hafa til að fara nýju kröfunum, um tiltekinn tíma eftir að aðildarríkin hafa lokið við að leiða þær í landslög.

6) Vegna víxlverkunar mismunandi ákvæða tilskipunar 2004/39/EB þykir rétt að öll framlenging á lokafrestinum eigi við um öll ákvæði þessarar tilskipunar. Öll framlenging á lögleiðingar- og umsóknarfrestinum skal vera í réttu hlutfalli við þarfir aðildarríkjanna og eftirlitsskyldra aðila en ekki umfram það. Til að koma í veg fyrir uppskiptingu sem gæti hamlað starfsemi innri markaðarins með verðbréf ber aðildarríkjunum að beita jafnframt ákvæðum tilskipunar 2004/39/EB.

7) Í ályktun sinni frá 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu<sup>(4)</sup>, óskaði Evrópuþingið eftir því að það og ráðið gegndu jöfnu hlutverki við eftirlit með því hvernig framkvæmdastjórnin fer með framkvæmdahlutverk sitt þannig að það endurspegladi löggjafarvald Evrópuþingsins skv. 251. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórnin studdi þá ósk með drengskaparheiti sem forseti hennar gaf Evrópuþinginu sama dag. Hinn 11. desember 2002 lagði framkvæmdastjórnin til breytingar á ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(5)</sup> og lagði síðan fram breytta tillögu 22. apríl 2004. Evrópuþingið lítur ekki

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 33.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 323, 20.12.2005, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. desember 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 10. mars 2006.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 284 E, 21.11.2002, bls. 115.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

svo á að þessi tillaga tryggi heimildir þess til lagasetningar. Að álit Evrópuþingsins skal því sjálfu og ráðinu gefast kostur á að leggja mat á framsal framkvæmdavalds til framkvæmdastjórnarinnar innan tiltekins tíma. Því þykir rétt að takmarka þann tíma sem framkvæmdastjórnin hefur til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir.

- 8) Frá því að fyrstu breytingar á drögum og framkvæmdarráðstafanir eru send skal Evrópuþingið hafa þrjá mánuði til að kynna sér þau og láta álit sitt í ljós. Í áriðandi og tilhlýði-lega rökstuddum tilvikum skal þó vera unnt að stytta þennan tíma. Ef Evrópuþingið samþykkir ályktun innan þessa frests skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að breytingunum eða ráðstafanirnar.
- 9) Þörf er á frekari breytingum síðar til að fresta dagsetningu að því er varðar niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta<sup>(1)</sup> og fyrir bráðabirgðaákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/39/EB, og til að rýmka tímaáætlunina um skyldu framkvæmdastjórnarinnar til að leggja fram skýrslu um efnið.
- 10) Þar eð framlengdur frestur aðildarríkjanna til að lögleiða tilskipun 2004/39/EB til fulls, eins og þeim ber skylda til, og frestur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana til að uppfylla nýjar kröfur fara ekki saman taka ákvæði tilskipunar 2004/39/EB ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2007; því þykir rétt að fella tilskipun 93/22/EB úr gildi frá 1. nóvember 2007.
- 11) Því ber að breyta tilskipun 2004/39/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 2004/39/EB er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 69. forsendu komi eftirfarandi:

„69) Frá því að fyrstu breytingar á drögum og framkvæmdarráðstafanir eru send skal Evrópuþingið hafa þrjá mánuði til að kynna sér þau og láta álit sitt í ljós. Í áriðandi og tilhlýði-lega rökstuddum tilvikum skal þó vera unnt að stytta þennan tíma. Ef Evrópuþingið samþykkir ályktun innan þessa frests skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að breytingunum eða ráðstafanirnar.“

- 2) Ákvæðum 64. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Engin framkvæmdarráðstafananna, sem öðlast hafa gildi, má leiða til breytinga á grundvallarákvæðum tilskipunar þessarar.“

- b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanirnar sem þegar hafa verið samþykktar ber að ógilda beitingu þeirra ákvæða þessarar tilskipunar, þar sem krafist er samþykktar á tæknireglum, breytingum og ákvörðunum í samræmi við 2. mgr., eigi síðar en 1. apríl 2008. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, og skulu þau endurskoða þau áður en tíma-bilinu, sem um getur hér að framan, lýkur.“

- 3) Í stað 65. gr. komi eftirfarandi:

„65. gr.“

### Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. október 2007, á grundvelli samráðs við almenning og í ljósi umræðna við lögbær yfirvöld, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hugsanlega rýmkun gildissviðs ákvæða þessarar tilskipunar varðandi gagnsæisskyldur, fyrir og eftir að viðskipti eiga sér stað, vegna viðskipta í öðrum flokkum fjármálagerninga en hlutabréfa.

2. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. október 2008 leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um beitingu 27. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 30. apríl 2008, á grundvelli samráðs við almenning og í ljósi umræðna við lögbær yfirvöld, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um:

- a) það hvort undanþágan, sem kveðið er á um í k-lið 1. mgr. 2. gr., skuli gilda áfram um fyrirtæki sem einkum stunda viðskipti með hrávörufleiður fyrir eigin reikning,

- b) efni og form sanngjarnra krafna fyrir starfsleyfisveitingu og eftirlit með fyrirtækjum á borð við fjárfestingarfyrirtæki í skilningi þessarar tilskipunar,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB (Stjtið. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

c) það hvort reglur varðandi tilnefningu fastra umboðsmanna sem annast fjárfestingarþjónustu og/eða starfsemi eigi áfram við, einkum að því varðar eftirlit með þeim,

d) það hvort undanþágan, sem kveðið er á um í i-lið 1. mgr. 2. gr., skuli gilda áfram.

4. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 30. apríl 2008 leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hvernig gengur að fjarlægja hindranir sem gætu komið í veg fyrir sameiningu upplýsinga á evrópskum vettvangi sem krafist er að viðskiptakerfi birti.

5. Á grundvelli skýrslunnar, sem um getur í 1.–4. mgr., getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur að tilheyrandi breytingum á þessari tilskipun.

6. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. október 2006, í ljósi viðræðna við lögbær yfirvöld, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um það hvort kröfur um starfsábyrgðartryggingu, sem gerðar eru til milliliða samkvæmt lögum Bandalagsins, eigi áfram við.“

4) Í stað 69. gr. komi eftirfarandi:

„69. gr.

#### Niðurfelling á tilskipun 93/22/EBE

Tilskipun 93/22/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. nóvember 2007. Litið skal á tilvísanir í tilskipun 93/22/EBE sem tilvísanir í þessa tilskipun. Litið skal á tilvísanir í hugtök, sem skilgreind eru í tilskipun 93/22/EBE, eða greinar hennar sem tilvísanir í sambærileg hugtök, sem skilgreind eru í þessari tilskipun, eða greinar hennar“.

5) Í stað fyrstu undirgreinar 70. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2007.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. nóvember 2007.“

6) Í stað 1.–5. mgr. 71. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárfestingarfyrirtæki, sem hafa fengið starfsleyfi fyrir 1. nóvember 2007 í heimaaðildarríki sínu til að veita fjárfestingarþjónustu, teljast hafa starfsleyfi í skilningi þessarar tilskipunar ef lög þessa aðildarríkis kveða á um að forsenda þess að þau fái að hefja slíka starfsemi sé að þau uppfylli skilyrði sem jafngilda þeim sem kveðið er á um í 9.–14. gr.

2. Skipulegur markaður eða markaðsrekandi, sem hefur fengið starfsleyfi fyrir 1. nóvember 2007 í heimaaðildarríki sínu, telst hafa starfsleyfi í skilningi þessarar tilskipunar ef lög þessa aðildarríkis kveða á um að skipulegur markaður eða markaðsrekandi, eftir því sem við á, verði að fara að skilyrðum sem jafngilda þeim sem kveðið er á um í III. bálki.

3. Fastir umboðsmenn, sem skráðir eru í opinbera skrá fyrir 1. nóvember 2007, teljast vera skráðir í skilningi þessarar tilskipunar ef lög viðkomandi aðildarríkja kveða á um að fastir umboðsmenn verði að uppfylla skilyrði sem jafngilda þeim sem kveðið er á um í 23. gr.

4. Litið skal svo á að upplýsingum, sem komið er á framfæri fyrir 1. nóvember 2007 að því er varðar 17., 18. eða 30. gr. tilskipunar 93/22/EBE, hafi verið komið á framfæri að því er varðar 31. og 32. gr. þessarar tilskipunar.

5. Fyrirliggjandi markaðskerfi, sem fellur undir skilgreininguna á markaðstorgi, sem rekið er af markaðsrekanda skipulegs markaðar, skal hljóta starfsleyfi sem markaðstorg að beiðni markaðsrekanda skipulega markaðarins, að því tilskildu að það uppfylli reglur sem jafngilda þeim sem krafist er í þessari tilskipun um starfsleyfisveitingu og starfsemi markaðstorga, svo fremi beiðnin sé lögð fram innan átján mánaða frá 1. nóvember 2007.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2007. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. nóvember 2007.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 5. apríl 2006.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BORRELL FONTELLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

H. WINKLER

*forseti.*